



Borgarráð

Reykjavík, 17. mars 2025

MSS25030059

Erindisbréf - Spretthópur um uppbyggingu leikskóla

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf spretthóps um uppbyggingu leikskóla þar sem eftirfarandi aðilar eru skipaðir í hópinn, Skúli Helgason sem jafnframt er formaður, Helga Þórðardóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir og Sanna Magdalena Mörtudóttir. Spretthópnum er m.a. ætlað að yfirfara aðgerðaáætlun stýrihópsins Brúum bilið, koma með tillögur að nýjum verkefnum sem tengjast uppbyggingu nýrra leikskóla eða stækkun starfandi leikskóla, með áherslu á framkvæmdir sem ljúka megi á næstu tveimur árum.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf spretthóps um uppbyggingu leikskóla, ódags.



Reykjavík



Reykjavík, [dags]. mars 2025

MSS25030059

ERINDISBRÉF

Spretthópur um uppbyggingu leikskóla

Ábyrgðarmaður: Borgarstjórinn í Reykjavík

Markmið og hlutverk:

Spretthópnum er ætlað að yfirfara aðgerðaáætlun stýrihópsins Brúum bilið, koma með tillögur að nýjum verkefnum er tengjast uppbyggingu nýrra leikskóla eða stækkun starfandi leikskóla, með áherslu á framkvæmdir sem megi ljúka á næstu tveimur árum. Spretthópurinn rýni sömuleiðis fyrirbyggjandi áætlanir um mönnun og viðhald leikskólamannvirkja og leggi fram tillögur til úrbóta í þeim efnum ef þörf krefur.

Greinargerð:

Borgarstjórn samþykkti í nóvember 2018 aðgerðaáætlunina Brúum bilið um víðtæka uppbyggingu leikskólarýma í borginni. Sú áætlun hefur verið uppfærð og endurskoðuð og felur í sér að fjölgað verði rýmum um a.m.k. 1500 á næstu fimm árum með opnun nýrra leikskóla, stækkun starfandi leikskóla með viðbyggingum og viðbótar deildum og fjölgun rýma hjá sjálfstætt starfandi leikskólum.

Spretthópin skipa:

Skúli Helgason, formaður
Helga Þórðardóttir
Dóra Björt Guðjónsdóttir
Sanna Magdalena Mörtudóttir

Starfsmaður spretthópsins:

Verkefnastjóri af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Spretthópurinn leiti að auki ráðgjafar frá aðilum innan og utan borgarkerfisins eftir þörfum, frá aðilum sem búa yfir sérþekkingu á viðfangsefnum hópsins.

Starfstímabil og skil:

Spretthópurinn leggi fram niðurstöður sínar eigi síðar en 16. apríl 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík